

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 8. janúar 2026.

Mál nr. 841/2025:

## Íslenska ríkið

(Fanney Rós Þorsteinsdóttir lögmaður)

## gegn

## Solveigu Jóhannsdóttur

(Gísli Guðni Hall lögmaður)

## Lykilorð

Kærumál. Hæfi dómara. Vanhæfi.

## Útdráttur

Efniságreiningur málsins varðaði lögmati skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem gerð var árið 2023. Með hinum kærða úrskurði vék héraðsdómari sæti, að eigin frumkvæði, á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem hún væri sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til áratuga og niðurstaða málsins varðaði fjárhagslega hagsmuni dómarsins. Með úrskurði Landsréttar var talið að jafnvel þótt héraðsdómari ætti það sameiginlegt með stórum hópi fólks að eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins yrði ekki fram hjá því litið að verulega fleiri væru í þeirri stöðu að eiga engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins en þeir sem hagsmuni gætu átt af því. Þá væri til þess að líta að efniságreiningur málsins lyti að því hvort heimilt hefði verið samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar að gera grundvallar-breytingu á lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna og væru sameiginlegir hagsmunir þeirra af úrlausn málsins því viðtækari en ráða mætti af stefnukröfu málsins. Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með vísan til forsendna úrskurðar héraðs-dóms, var hann staðfestur.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Ragnheiður Bragadóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 28. nóvember 2025. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 11. desember sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 2025 í málinu nr. E-6482/2024 þar sem héraðsdómari vék sæti í málinu. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærumálskostnaðar.

#### **Niðurstaða**

- 4 Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 gætir dómari af sjálfsdáðum að hæfi sínu til að fara með mál, en aðili getur einnig krafist þess að hann víki sæti. Í samræmi við ákvæðið kvað héraðsdómari upp hinn kærða úrskurð, þar sem hann vék sæti á grundvelli g-liðar 1. mgr. 5. gr. sömu laga, án þess að krafa kæmi fram um það af hálfu málsaðila. Samkvæmt framangreindum staflað er dómari vanhæfur til að fara með mál ef önnur atvik eða aðstæður en lýst er í öðrum staflaðum í sömu málsgrein eru til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni hans með réttu í efa.
- 5 Varnaraðili er sjóðfélagi í A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en frá september 2022 hefur hún fengið greiddan ellilífeyri úr sjóðnum. Að efni til lýtur málið að skerðingu á lífeyrisréttindum hennar sem hún þurfti að sæta tvisvar á árinu 2023, en grundvöll skerðingarinnar má rekja til breytinga, sem gerðar voru á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með lögum nr. 127/2016, eins og nánar er lýst í hinum kærða úrskurði. Varnaraðili krefst bóta úr hendi sóknaraðila vegna þess tjóns sem leiddi af skerðingu lífeyrisréttinda hennar og lagabreytingin heimilaði. Nemur krafan samtals 172.138 krónum vegna lífeyrisgreiðslna á 13 mánaða tímabili.
- 6 Héraðsdómari vísar til þess að hann sé, líkt og varnaraðili, sjóðfélagi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sem sjóðfélagi til margra ára í þeirri deild hefði dómariinn umtalsverða og sérstaka fjárhagslega hagsmuni af úrslitum málsins og því séu aðstæður til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni hans í efa.
- 7 Fjárhagslegir hagsmunir dómara af úrlausn dómsmáls, sem hann hefur fengið til úrlausnar, geta við ákveðnar aðstæður valdið vanhæfi hans samkvæmt g-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 91/1991. Hagsmunir dómarans verða þá að vera umtalsverðir, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 266/2014. Verður þá jafnframt að meta hvort hagsmunirnir séu almennir eða sérstakir, eins og vísað er til í hæstaréttardóminum. Til leiðbeiningar er þar sett fram það viðmið, að þegar svo margir eiga sambærilegra hagsmuna að gæta af úrlausn máls að þeir eru fleiri en hinir, séu líkur á því að hagsmunirnir séu almenns eðlis og leiði þar með ekki til vanhæfis, enda kynni þá jafnvel að vera erfitt að finna aðra hæfa dómara til að taka við málinu. Séu hagsmunir á hinn bóginn bundnir við tiltölulega fámennan hóp segir í dóminum að líkur aukist á því að hagsmunirnir séu þess eðlis að þeir valdi vanhæfi. Í framangreindum hæstaréttardómi varð það niðurstaðan að fjárhagslegir hagsmunir héraðsdómara af úrlausn málsins, er laut að lögmati verðtryggðs láns hjá Íbúðalánasjóði, væru það almennir að þeir leiddu ekki til vanhæfis. Sú ályktun var rökstudd með því að stór hluti landsmanna á aldrinum 30 til 70 ára, sem væri það aldursbil sem héraðsdómarar væru á, skuldaði verðtryggð lán og sennilegt væri að úrslit málsins myndi hafa umtalsverð áhrif á fjárhagslega hagsmuni þessa hóps, eða alla vega verulegan hluta hans. Í málinu höfðu verið lögð fram gögn um að um 90.000 íslenskar fjölskyldur væru með vísitölubundin lán.

- 8 Þau lífeyrisréttindi, sem það mál sem hér er til umfjöllunar hverfist um, eru af fjárhagslegum toga og hafa áunnist með rækslu starfa í þjónustu ríkisins sem veitt hefur aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í samræmi við lög nr. 1/1997. Leggja verður til grundvallar að fjölmargir sjóðfélagar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem ekki höfðu náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykka fyrir lífeyrissjóðinn, er settar voru í kjölfar þess að lög nr. 127/2016 voru samþykkt, sbr. ný ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 1/1997, eigi fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu málsins. Allir þeir sem hafa hafið störf hjá ríkinu frá ársbyrjun 1997 og fengið greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eiga aðild að A-deild lífeyrissjóðsins. Þeir sem voru sjóðfélagar í lífeyrissjóðnum fyrir þann tíma gátu einnig valið að flytjast í A-deild sjóðsins og ávinna sér þar lífeyrisréttindi í samræmi við þágildandi II. kafla laga nr. 1/1997. Samkvæmt upplýsingum, sem sóknaraðili hefur lagt fyrir Landsrétt, voru virkir sjóðfélagar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 31.053 árið 2024, en með því er átt við sjóðfélaga sem að jafnaði greiða reglubundin iðgjöld til sjóðsins, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Á sama tíma voru lífeyrisþegar í A-deild sjóðsins alls 25.901, en eins og áður segir er varnaraðili í þeim hópi, og hefur einhver hluti þeirra því einnig fjárhagslega hagsmuni af úrslitum málsins. Ætla má að langflestir núverandi starfsmenn ríkisins, þeirra á meðal nær allir starfandi héraðsdómarar landsins, séu sjóðfélagar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hafi hagsmuni af úrlausn málsins.
- 9 Samkvæmt framansögðu á héraðsdómari í málinu það sameiginlegt með stórum hópi fólks að eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Þessi hópur er þó töluvert minni og nokkuð afmarkaðri en sá hópur sem hagsmuni átti af niðurstöðu í því máli er fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 266/2014. Verður ekki fram hjá því litið að verulega fleiri eru í þeirri stöðu að eiga engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins en þeir sem hagsmuni geta átt af því. Þá er til þess að líta að efnislega lýtur málið að því hvort heimilt hafi verið samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár að gera þá grundvallarbreytingu á lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna að afnema tryggingu launagreiðanda á lögbundnum réttindum sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, eins og áður leiddi af II. kafla laga nr. 1/1997, sbr. einkum þágildandi 4. mgr. 13. gr. þeirra laga. Sameiginlegir hagsmunir þeirra af úrlausn málsins eru því mun víðtækari en ráða má af þeirri fjárkröfu sem varnaraðili teflir fram í stefnu. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- 10 Sóknaraðili greiði varnaraðila kærúmálskostnað eins og í úrskurðarorði greinir.

### Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, íslenska ríkið, greiði varnaraðila, Solveigu Jóhannsdóttur, 250.000 krónur í kærumálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 2025

Mál þetta hefur Solveig Jóhannsdóttir, kt. [...], [...], [...], höfðað gegn íslenska ríkinu, kt. [...], [...], [...], „til greiðslu skaðabóta vegna ólögmatrar skerðingar á lífeyrisréttindum sínum“.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði henni 172.138 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 11.930 krónum frá 31. júlí 2023, af 12.031 krónu frá 31. ágúst 2023, af 12.035 krónum frá 30. september 2023, af 12.076 krónum frá 31. október 2023, af 12.118 krónum frá 30. nóvember 2023, af 12.191 krónu frá 31. desember 2023, af 12.238 krónum frá 31. janúar 2024, af 12.288 krónum frá 28. febrúar 2024, af 12.267 krónum frá 31. mars 2024, af 12.431 krónu frá 30. apríl 2024, af 12.530 krónum frá 31. maí 2024, af 12.599 krónum frá 30. júní 2024, af 12.672 krónum frá 31. júlí 2024 og af 12.732 krónum frá 31. ágúst 2024, í hverju tilviki til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá er aðallega krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

#### I

##### Rekstur málsins fyrir dóminum

Mál þetta var síðast tekið fyrir 9. apríl 2025 og aðalmeðferð þess ákveðin 25. september 2025. Millíþinghald til undirbúnings aðalmeðferð var ákveðið 4. júní 2025 en þegar að því leið var þinghaldið talið óþarft og málið tilbúið til aðalmeðferðar sem þegar hafði verið ákveðin 25. september 2025. Með tölvupósti til lögmannna 12. ágúst 2025 boðaði dómari frestun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar vegna breytinga á dagskrá dómarans. Með tölvupósti til lögmannna 11. nóvember 2025 boðaði dómari til þinghalds 17. nóvember 2025 eftir að hafa upplýst þau með tölvuskeyti sama dag að hún teldi vafa leika á hæfi sínu til meðferðar málsins á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í því ljósi boðaði dómari til þinghaldsins í dag. Dómari kvað upp úrskurð sinn í þinghaldinu.

#### II

##### Forsaga málsins og helstu málsástæður aðila

Stefnandi er félagsmaður í Ljósmeðrafélagi Íslands, einu aðildarfélagi BHM, og sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Í árslok 1996 voru gerðar breytingar á lögum um starfsemi sjóðsins, sbr. lög nr. 141/1996, og löggin endurútfærin sem lög nr. 1/1997.

Stefnandi kveðst hafa áunnið sér lífeyrisréttindi í sjóðnum allt frá árinu 1980. Sjóðnum hafi verið skipt upp í A- og B-deild á árinu 1997 og stefnandi hafi valið að greiða eftirleiðis til A-deildar. Hún eigi því lífeyrisréttindi í bæði A- og B-deild sjóðsins, nánar tiltekið í B-deild vegna iðgjaldagreiðslutíma allt til ársins 1997 og í A-deild eftir það. Stefnandi mun hafa látið af störfum 21. desember 2021 [...] og fengið greiddan [...] til 31. ágúst 2022, en ellilífeyri eftir það.

Í gögnum málsins kemur fram að með lögum nr. 127/2016, um breytingu á lögum nr. 1/1997, með síðari breytingum, hafi ákvæði um A-deild sjóðsins verið felld brott, lífeyrisaldur verið hækkaður úr 65 árum í 67 ár og tekin upp aldurstengd réttindaávinnsla sjóðfélaga. A-deildin hafi frá og með 1. júní 2017 verið starfrækt á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktu sem um hana gildi. Með þessu hafi verið horfið frá því að kveða á um föst réttindi sjóðfélaga á grundvelli breytilegs iðgjalds í lögum. Gert hafi verið ráð fyrir því að stjórn sjóðsins legði til breytingar á samþykktum sjóðsins þar sem nýtt réttindakerfi yrði sett upp miðað við fast iðgjald. Stjórn sjóðsins hafi síðan samþykkt nýjar samþykktir fyrir A-deild sjóðsins sem hafi tekið gildi 1. júní 2017.

Í gögnum málsins kemur fram að á árinu 2023 hafi lífeyrisréttindi í A-deild sjóðsins verið skert í tveimur áföngum. Annars vegar 2. janúar 2023 þegar sjóðurinn hafi tilkynnt um aðgerðir vegna hækkandi lífaldurs sem hafi falið í sér ný viðmið, en samkvæmt þeim lækki árleg réttindaávinnsla sjóðþega að meðaltali um 11,5%. Þessi breyting hafi eingöngu varðað framtíðarávinnslu réttinda en hafi ekki haft áhrif á greiðslur þeirra sem þegar hefðu hafið töku lífeyris á þeim tíma. Hins vegar 31. maí 2023 með tilkynningu sjóðsins um að 1. júlí 2023 yrði brugðist við hækkandi lífaldri þannig að réttindum fyrir greidd iðgjöld til og með 31. desember 2022 yrði breytt í samræmi við væntan lífaldur sjóðfélaga. Kveður stefnandi þessa aðgerð leiða til þess að vænt mánaðarleg réttindi þeirra sem greiði til sjóðsins lækki að meðaltali um 9,9%. Stefnandi telur framangreindar skerðingar verða raktar til breytinga á lögum nr. 1/1997 um sjóðinn með lögum nr. 127/2016. Með lögum nr. 127/2016 hafi þannig verið gerðar „róttækar breytingar á réttindakerfi“ A-deildar sjóðsins sem leitt hafi til skerðinga á réttindum sjóðfélaga á árinu 2023 og þannig valdið þeim tjóni. Í stefnu og öðrum gögnum málsins eru þessar breytingar ítarlega raktar.

Stefnandi höfðar málið vegna tjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir vegna framangreinds. Stefnandi bendir á að þótt stefnufjárhæðin kunni að vera lág varði hún aðeins stutt tímabil en ljóst sé að málið sé fordæmisgefandi um framtíðargreiðslur hennar og varði hagsmuni velflestra félaga í A-deild sjóðsins. Krafa stefnanda taki til fjártjóns á tilteknu tímabili en á því hafi lífeyrisgreiðslur hennar verið skertar um 4,1% á mánuði sem nemi tiltekinni fjárhæð sem reiknuð sé út frá framlögðu lífeyrisyfirliti hennar. Stefnandi kveðst telja fyrirsjáanlegt að koma muni til frekari skerðinga hjá sjóðfélögum í A-deild sjóðsins.

Stefnandi byggir m.a. á því að lagabreytingin 2016 hafi leitt til skerðinga áunninna lífeyrisréttinda hennar í A-deild sjóðsins sem séu eignarréttindi sem njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og verði hvorki breytt né skert henni til tjóns, nema bætur komi fyrir. Stefnandi hafi einnig brotið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar við lagasetninguna þar sem réttindi stefnanda í A-deild sjóðsins séu eftirleiðis lakar tryggð en réttindi sjóðfélaga í B-deild sjóðsins án þess að nokkur efnisleg rök búi þar að baki. Ójafnræði felist einnig í því að þeir sem hafi verið 60 ára og eldri er breytingarnar öðluðust gildi séu undanþegnir skerðingunum. Þá hafi í lögnum falist eðlisbreyting á réttindum hennar, henni til tjóns, þar sem felld hafi verið niður 3. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 um bakábyrgð launagreiðenda og réttindi hennar breyst úr því að vera tryggð réttindi yfir í að vera réttindi út frá skilgreindum iðgjöldum. Það hafi verið ásetningur löggjafans að yfirfæra áhættu af fjárhagsstöðu A-deildar sjóðsins frá hinu opinbera yfir á þá sem áttu réttindi í sjóðnum.

Stefnandi byggir jafnframt á því að bráðabirgðaákvæði XIII við lög nr. 1/1997, sbr. lög nr. 127/2016, um 10,418 milljarða króna framlag ríkisins til að koma áfallinni stöðu sjóðsins í jafnvægi, standist ekki þar sem fjárhæðin hafi verið allt of lág. Við lagabreytinguna hafi sjóðurinn verið skilinn eftir með innbyggðan halla upp á um 40 milljarða króna og hefði framlag ríkisins því þurft að vera miklu hærra. Stefnandi byggir að lokum á því að í 3. gr. samkomulags frá 19. september 2016 milli BHM, BSRB og KÍ annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, hafi falist skuldbindandi loforð launagreiðanda, þ.e. ríkisins, til að ákveða fjárframlag til sjóðsins svo hátt að verðmæti áunninna réttinda sjóðfélaga yrðu tryggð. Með of lágu framlagi hafi þetta ákvæði verið vanefnt sem leitt hafi til tjóns sjóðfélaga í A-deild sjóðsins sem mál þetta snúist um.

Stefndi krefst sýknu í málinu. Hann ber í fyrsta lagi við aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, þar sem íslenska ríkið sé ekki réttur eigandi þeirra hagsmuna sem um ræði og geti ekki komið fram fyrir hönd sjóðsins sem sé sjálfstæður aðili en ekki hluti af stefnda. Að þessu frágengnu byggir stefndi á því að breytingin sem gerð hafi verið á lögum nr. 1/1997 með lögum nr. 127/2016 brjóti ekki gegn ákvæðum stjórnarskrár líkt og stefnandi haldi fram, hvorki 72. né 65. gr. hennar. Löggjafinn hafi haft svigrúm til að breyta réttindaávinnslu til framtíðar hjá þeim sjóðfélögum í A-deild sjóðsins sem ekki höfðu hafið töku lífeyris úr deildinni þegar lög nr. 127/2016 hafi tekið gildi. Breytingarnar hafi verið almennar og málefnalegar og gætt hafi verið meðalhófs og jafnræðis. Heimild löggjafans til að skerða virk lífeyrisréttindi, þ.e. réttindi þeirra sem hafa hafið töku lífeyris, sé þrengri en þeirra sem eru væntanleg. Komi til þess að skerða þurfi réttindi nái skerðingin jafnt til þeirra sem ekki hafi verið orðin 60 ára fyrir

gildistöku nýrra samþykkt. Miðað hafi verið við 60 ára aldur því þá hafi sjóðfélagar öðlast rétt til töku lífeyris úr A-deild eins og fram komi í greinargerð með því ákvæði laga nr. 127/2016 þar sem bráðabirgðaákvæði XII var bætt við lög nr. 1/1997.

Stefndi mótmælir fullyrðingum stefnanda um að með afnámi þeirrar verndar sem hafi falist í 3. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 hafi falist skerðing á verðmæti lífeyrisréttinda sjóðfélaga í A-deildinni og kveðst vísa þar um til ákvæða til bráðabirgða með lögnum sem ætluð séu til að bæta hugsanlega skerðingu og eigi að veita sjóðfélögum A-deildar ákveðna vernd. Stefndi telur að með nýju fyrirkomulagi séu réttindi stefnanda tryggð.

Stefndi byggir enn fremur á því að lækkan á lífeyrisgreiðslum hjá sjóðfélögum í A-deild vegna hækkandi lífaldurs hafi verið í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafi verið á A-deild sjóðsins með lögum nr. 127/2016 og þær því lögmætar samkvæmt ákvæðum 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997 og 14. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Stefndi áréttar að markmið breytinganna með lögum nr. 127/2016 og samkomulaginu 19. september 2016 hafi verið að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur yrði hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess. Breytingarnar hafi fyrst og fremst miðað að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

### III

#### Niðurstaða

Eins og að framan er rakið varðar sakarefni máls þessa lögmæti skerðinga á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem kynntar voru og komu til framkvæmda í tveimur skrefum á árinu 2023. Stefndandi telur skerðingarnar vera til komnar vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með lögum nr. 127/2016. Hefur bakgrunni málsins að þessu leyti og málsástæðum aðila verið lýst til að varpa ljósi á sakarefni málsins. Verði fallist á kröfu stefnanda í málinu má gera ráð fyrir að sú niðurstaða hafi áhrif á réttindi hennar til greiðslna úr sjóðnum til framtíðar þótt krafa hennar miðist við tiltekið tímabil en einnig réttindi annarra sjóðfélaga í A-deild sjóðsins. Dómari hefur verið sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins um langt árabil, líkt og stefndandi máls þessa.

Í 5. gr. laga nr. 91/1991 eru taldar upp í sjö staflíðum þær ástæður sem valda því að dómari telst vanhæfur til að fara með mál sem rekið er eftir lögnum. Samkvæmt g-lið greinarinnar er dómari vanhæfur til meðferðar máls ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður en greindar eru í hinum sex staflíðum hennar sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni dómara með réttu í efa. Eins og öðrum ákvæðum um vanhæfi er þessari almennu reglu ætlað að stuðla að trausti aðila og almennings til hlutleysis dómstóla, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar þar sem öllum er áskilinn réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir óhlutdrægum dómstóli.

Eitt af því sem valdið getur vanhæfi dómara samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 er að hann hafi sjálfur umtalsverða fjárhagslega hagsmuni af úrslitum máls. Mál þetta varðar stjórnarskrárvarin réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóði og lýtur að lögmæti skerðinga á þeim réttindum. Sakarefni málsins varðar því bæði þá sjóðfélaga sem nú hafa hafið töku lífeyris og þá sem hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum. Dómari hefur verið sjóðfélagi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins allt frá árinu 2000. Úrlausn á sakarefni málsins varðar því fjárhagslega hagsmuni dómarans verði á annað borð fallist á kröfu stefnanda í málinu. Breytir þar ekki þótt dómari hafi ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum þar sem fyrirséð er að umræddar breytingar munu hafa áhrif á fjárhagsleg réttindi dómarans til framtíðar. Í þessu ljósi telur dómari að fyrir hendi séu aðstæður sem séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 266/2014 reyndi á hvort héraðsdómari væri vanhæfur til að fjalla um mál gegn Íbúðalánasjóði sem laut að verðtryggnu húsnæðisláni en fyrir lá að sá héraðsdómari sem fór með málið hafði sjálfur tekið slíkt lán hjá sjóðnum og taldi sig hafa umtalsverða fjárhagslega hagsmuni af úrslitum þess. Í dómi Hæstaréttar kom fram að gera yrði greinarmun á því hvort um væri að ræða almenna eða sérstaka hagsmuni. Var talið að þar sem stór hluti einstaklinga skuldaði verðtryggð lán hefðu úrslit

málsins umtalsverð áhrif á hagsmuni þessa hóps eða allavega verulegan hluta hans. Yrði því að líta svo á að um væri að ræða svo almenna hagsmuni að ekki gæti valdið vanhæfi dómara, einir og sér. Var því lagt fyrir héraðsdómarann að fara áfram með málið.

Dómurinn telur atvik í þessu hæstaréttarmáli ekki sambærileg og í því máli sem hér er til umfjöllunar. Þótt niðurstaða málsins kunní að hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni fjölmargra sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar á meðal dómars, og hagsmunir almennir í þeim skilningi verður að líta sérstaklega til eðlis þeirra áunnu réttinda sem hér er fjallað um og að í málinu er deilt um lögmæti skerðinga stjórnarskrávarinna réttinda. Leiðir það til þess að talið verður um að ræða svo umtalsverða og sérstaka fjárhagslega hagsmuni að valdi vanhæfi dómars til meðferðar málsins í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Áréttar dómurinn hér að vanhæfisreglum um dómara er ætlað að stuðla að trausti aðila og almennings til hlutleysis dómstóla.

Með vísan til framangreinds viku dómari sæti í máli þessu.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

**Úrskurðarorð:**

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari viku sæti í máli þessu.